



Fjölbautaskóli Suðurlands

ÍSLE3ME05 – Miðaldabókmenntir

Kennsluáætlun – haustönn 2022

Kennarar áfangans

Rósa Marta Guðnadóttir (RMG)

Áfangalýsing

Í áfanganum er Brennu-Njáls saga lesin og ígrunduð. Unnið er með söguna, textann og sögupersónur út frá sögutíma, ritunartíma og samtímanum. Einstakar persónur Brennu-Njáls sögu eru settar í samhengi við hin ýmsu verk, texta og einstaklinga frá mismunandi tímabilum sem og hínir ýmsu atburðir sögunnar. Fjallað verður um hlutverk sögunnar meðal þjóðarinnar og í hinum stóra heimi gegnum aldirnar. Sagan verður auk þess skoðuð með hinum töfrandi verkfærum bókmenntafræðinnar, hugað að máli og stíl, kaldhæðni, sögumanni, sjónarhorni og tíma sögunnar svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur lesa söguna sér til ánægju og fróðleiks. Markmiðið er að lesturinn dýptki skilning nemenda á sögunni og einnig á manneskjunni sem slíkri, lífsbaráttu hennar, löngunum og þrám og glöggvi sig á að manlegt eðli hefur lítið breyst í gegnum tíðina.

Forkröfur: ÍSLE2OS05 og ÍSLE2BV05

Markmið áfangans

Bekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Orðaforða sem nægir til að lesa íslenskar fornþókmenntir með nútímastafsetningu
- Helstu bókmenntahugtökum
- Ritgerðarsmíð og heimildavinnu

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skilja og nota stílbrögð, orðatiltæki og vísanir úr Njálu
- Draga saman og nýta á gagnrýnnin hátt upplýsingar úr hvers kyns verkum og heimildum sem tengjast Njálu og meta vægi þeirra
- Lesa forntexta
- Ritun heimildaritgerðar þar sem beitt er gagnrýnninni hugsun við úrvinnslu og efninu er komið á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli

Hæfni

Nemandi skal hagnýta þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Lesa fornþókmenntir sér til ánægju og fróðleiks
- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta með ritstíl sem vísar í forna málið
- Tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, skýra sjónarmið sín og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að ígrundaðri niðurstöðu

- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestar, túlkun og úrvinnslu fornþókmennta sem og annarra texta
 - Ná dulnum boðskap og hugmyndum, geta lesið á milli lína
 - Sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í umfjöllun sinni, málflutningi og túlkun
-

Kennslubækur og kennslugögn

- *Brennu-Njáls saga*. Jón Böðvarsson bjó til prentunar, gefin út af IÐNÚ eða önnur útgáfa bókarinnar.
- Efni frá kennara.

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

Vika	Dagsetning	Námsefni/viðfangsefni	Helstu próf og verkefni
34	22.-26. ágúst	Kynning áfanga. Fjallað um Íslendingasögur. Hrútsþáttur, kaflar 1-8. Tvö fyrri hjónabönd Hallgerðar, k. 9-17	Verkefni í tengslum við efnið.
35	29. ágúst - 2. sept.	Gunnar og Njáll kynntir til sögunnar, k. 18-32. Deilur Hallgerðar og Bergþóru, k. 33-45.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf, k. 1-45.
36	5.-9. sept.	Samskipti Gunnars og Otkels, k. 46-56.	Verkefni í tengslum við efnið.
37	12.-16. sept.	Hestaatið og eftirmáli, k. 57-81.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf, k. 46-81.
38	19.-23. sept.	Utanför Þráins og Njálssona, k. 82-94.	Verkefni í tengslum við efnið.
39	26.-30. sept.	Höskuldspáttur k. 95-99 og 106-124.	Verkefni í tengslum við efnið.
40-41	3.-14. okt.	Skapandi verkefni – Afrakstur	Nemendur skapa sitt verk með söguna til hliðsjónar.
42	17.-21. okt.	Brennan, k. 125-132. Stefnt á ferð á Njáluslóðir.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf k. 82-132 Ritgerð undirbúin og vinna hefst.
43	24.-28. okt.	Eftirmáli, k. 133-145.	Verkefni í tengslum við efnið. Ritgerðarvinna.
44	31. okt.-4. nóv.	Hefnd Kára, k. 146-155 og k. 158-159.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf, k. 133-159. Ritgerðarvinna.
45	7.-11. nóv.	Ritgerðarvinna og ritgerð skilað.	Ritgerð skilað.
46	14.-18. nóv.	Úrvinnsla. Unnið að skapandi verkefni úr sögunni.	Verkefni í tengslum við efnið.
47	21.-25. nóv.	Úrvinnsla. Unnið að skapandi verkefni úr sögunni.	Verkefni/próf í tengslum við efnið.

48-49	28. nóv.-6. des.	Njála og nútíminn. Uppgör og munnlegt próf úr sögunni.	Verkefni í tengslum við efnið.
-------	---------------------	---	--------------------------------

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- 20 % verkefni
- 20 % próf
- 15 % ritgerð
- 10 % skapandi verkefni
- 10 % vangaveltur, hugleiðingar og smáverkefni
- 10 % ástundun og virkni í tímum
- 15 % munnlegt lokapróf

Kröfur og verkefnaskil

Til þess að ljúka áfanganum þurfa nemendur að ljúka öllum námsþáttum. MIKILVÆGT er að skila verkefnum í símatsáfanga á **réttum tíma** svo námið fari fram jafnt og þétt.

Nemendur sem missa af prófum eða verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara það. Um annan próftíma en hinn auglýsta er **ekki** að ræða.

Sjúkrapróf fara fram í lok annar.

Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa að hafa aðgang að tölvu í tímum.

Nemendum ber að virða höfundarrétt og **alls ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum**. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té.

Stefnt er að ferð á söguslóðir Njálu en aðstæður leyfa.

Notkun síma og sambærilegra tækja er **ekki heimil** í tímum nema í tengslum við námið.

Með von um góða samvinnu og fyrirvara um breytingar, 17. ágúst 2022.

Rósa Marta Guðnadóttir, rosamarta@fsu.is